

## 68. Stjórnarfundur Fenúr.

30. september 2004

### Mætt:

Elías Ólafsson

Guðmundur Tr. Ólafsson

Ragna Halldórsdóttir

Úlfar Haraldsson

Pétur Bjarnason

**Staður og stund;** Súðarvogur, kl. 14:00.

### 1. Fundargerðir síðustu funda.

Fundargerðir nr. 62, 64, 65, 66 og 67 samþykktar.

### 2. Haustráðstefna Fenúr, Ísafirði.

EÓ kynnti flugmöguleika og verð, en flogið er frá Reykjavík til Ísafjarðar kl. 9:30 og til baka kl. 17:35. Flug fram og til baka á föstudögum kostar kr.14.400. tekin hafa verið frá 20 sæti fyrir ráðstefnugesti.

EÓ hefur falið Ragnari Kristinssyni að útvega húsnæði fyrir ráðstefnuna sem og að athuga með skoðunarferð eftir ráðstefnuna t.d. í vatnsveituna í göngunum eða Funa. Ragnar mun einnig athuga með hverjir gætu tekið að sér að halda fyrirlestur um eftirtalin atriði:

- Ný staða í sorphirðu á Suðurfjörðum
- Brennslustöðin Funi
- Hvað er að gerast í úrgangsstjórnun á Vestfjörðum
- Tálknafjörður hugmyndir, áform og framkvæmdir
- Rækjuskel

PB gerði grein fyrir mögulegum fyrirlestri um meðhöndlun þorkúrgangs hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvör. Fyrirlestur um þorskeldi og skoðunarferð á vegum sömu aðila kemur einnig til greina. PB tók að sér ráðstefnustjórn.

GTÓ upplýsir að Cees hjá Ust sé að vinna leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um gerð svæðisáætlunar og að Cees sé tilbúinn að halda kynna efnið á haustráðstefnunni.

Gert er ráð fyrir að dagskrá hefjist kl. 11:00 og standi fram að mat kl. 12.30. Eftir mat kl. 13:30 heldur dagskra áfram til 15:00 en þá verður farið í skoðunarferð. Gestir þurfa svo að vera komnir á flugvöllinn kl. 17:00.

### 3. Þjónustusamningur við Sorpu.

Elías kynnti tillögur að samning. Þjónustugjöld til Sorpu hækka úr u.þ.b 30 þúsund kr. Á mánuði í 50 þúsund á mánuði árið 2004 og svo í 75 þúsund á mánuði frá 1. janúar 2005. Samningur samþykktur.

### 4. Önnur mál

EÓ ræddi hugmyndir um hvort Fenúr ætti að veita styrki til félagsmanna vegna alþjóðlegs samstarfs.

PB leggur til að Fenúr kynni sig fyrir nýjum umhverfissráðherra, ákveðið að undirbúa kynningu eftir haustráðstefnu.

Flokkunarmerki. Ný merki skulu pöntuð af stjórn Fenúr. Einfaldar breytingarútfærslur á flokkunarmerkjunum gerir Fenúr. Önnur notkun eða breytingar á merkjum háðar samþykkis vinnuhóps.

Fundi slitið 15:20. Næsti fundur settur 3. nóvember kl. 15:00, á sama stað.